

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 66/2000

frá 2. ágúst 2000

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/1999 frá 17. desember 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafræna undirskrift⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Að því er samninginn varðar ber að aðlaga ákvæði tilskipunar 1999/93/EB sem fjalla um þriðju lönd.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.

1. gr.

Eftirfarandi komi aftan við lið 5f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5g. **399 L 0093**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93 frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafræna undirskrift (Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) í c-lið 1. mgr. 7. gr. komi orðin „eða milli EFTA-ríkis og þriðju landa eða alþjóðastofnana“ á eftir orðinu „stofnanir“,
- b) í aðstæðum sem um getur í 2. mgr. 7. gr. skulu samningsaðilarnir láta hverjum öðrum í té upplýsingar og hafa samráð innan sameiginlegu EES-nefndarinnar, ef farið er fram á slíkt,
- c) í hvert sinn þegar bandalagið semur við þriðja land um markaðsaðgang fyrir fyrirtæki bandalagsins á grundvelli 3. mgr. 7. gr. skal hún kappkosta að fá sömu kjör fyrir fyrirtæki EFTA-ríkjanna “.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 3. ágúst 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik *E. Gerner*